

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 133/226**  
**komudagur 23.11.2006**



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Sjávarútvegsnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2006  
Tilvísun: UST20061100099/tb

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands**

Vísað er í bréf frá sjávarútvegsnefnd Alþingis, dags. 17. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til lag um breytingu á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, þskj. 239 - 236. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við 1. gr. frumvarpsins.

Umhverfisstofnun tekur undir tillögu að breytingum á 1. mgr. 9. gr. framangreindra laga sem grundvallast á því markmiði sem kemur fram í greinargerð við 2. gr. frumvarpsins. Þar er lagt til að breytingar verði gerðar á heimild ráðherra þannig að verndun hafsbotsins fái meira vægi og rúmist betur innan þeirra lagaheimilda sem fyrir eru. Það muni endurspeglar skýrar markmið og inntak friðunar viðkvæmra hafsvæða. Lagt er til að við 1. másl. 9. gr. bætist: og varðveislu viðkvæmra hafsvæða. Umhverfisstofnun telur að lagaákvæðið verði skýrara ef bætt er við framkomna tillögu þannig að 1. másl. verði í heild sinni *Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna og varðveislu viðkvæmra hafsvæða þ.m.t. hafsbotsins.* Umhverfisstofnun telur að með slíkum verndaraðgerðum aukist líkur á hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu nytjastofna sjávar. Umhverfisstofnun tekur einnig undir b. lið 2. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson

Helgi Jónsson